

RÓTTÆKI SUMARHÁSKÓLINN

Námsskrá 2012

Uppfærð 7.8.2012

EFNISYFIRLIT

Fyrirkomulag Róttæka sumarháskólans sumarið 2012	2
Námsstofulýsingar	4
001 Industrial Workers of the World og endurreisn róttækrar verkalýðsbaráttu	4
002 Um skilyrðislausu grunnframfærslu.....	4
003 Hið kynjaða sjálf: Ráðandi kynjahugmyndir og áhrif þeirra.....	5
004 Gildiskenning Marx og íslenskur efnahagur	5
005 Argentínska efnahagshrunið og hið nýja argentínska bíó	5
006 Náttúruvernd og borgaraleg óhlýðni.....	6
007 Femínismi, aktívismi og internetið.....	6
008 Róttæk kennslufræði II	7
009 Byltingin gerir sig ekki sjálf: Um gildi vísvitaðs byltingarstarfs	7
010 The Wire og marxísk samfélagshugsun	7
011 Áskoranir andófshreyfinga	8
012 Róttæk samvinnuhreyfing? Neytendasamvinna sem leið að byltingu	8
013 Þóra – Hvað gerðist?	9
014 Af marxisma – námsstofa í tilefni útgáfu rafráttar	9
Um umsjónarmenn námsstofa	11
Stundaskrá	13

Fyrirkomulag Róttæka sumarháskólans sumarið 2012

Um Róttæka sumarháskólann

Róttæki sumarháskólinn leitast við að tengja saman róttækan aktívisma og hugmyndir. Með róttækum aktívisma er átt við baráttuna fyrir efnahagslegu réttlæti, umhverfisvernd, fémínisma, lýðræði og réttindum minnihlutahópa, svo dæmi séu nefnd. Með hugmyndum er átt við hvers kyns mannlega hugsun, hvort sem hún eru listræn, fræðileg, eða sprottin beint úr reynslu hversdagsins.

Róttæki sumarháskólinn kallar sig ‘róttækan’ vegna þess að innan hans er unnið út frá því leiðarstefi að árangur í réttlætisbaráttu náist ekki nema með grundvallarbreytingum. Róttæki sumarháskólinn kallar sig ‘háskóla’ vegna þess að hann tekur menntun alvarlega og vill vera eins og góður háskóli: gagnrýninn, róttækur, ókeypis, og öllum opinn án skilyrða.

Róttæki sumarháskólinn byggir alfarið á sjálfböðavinnu og frumkvæði áhugasamra einstaklinga. Umsjón með Róttæka sumarháskólanum sumarið 2012 hefur Viðar Þorsteinsson.

Nám í Róttæka sumháskólanum

- Námsstofur og námskeið Róttæka sumarháskólans eru opin öllum, þar með talið þeim sem litla eða enga reynslu hafa af pólitískum aktívisma. Engar kröfur um fyrri skólagöngu eða starfsreynslu eru gerðar til þátttakenda.
- Ekkert þátttökugjald þarf að greiða. Skriflegt námsefni, þar sem við á, verður aðgengilegt gjaldfrjálst í gegnum internetið. Tekið er við fjálsum framlögum, og þeir sem eru aflögufærir eru sérstaklega beðnir um að leggja sitt af mörkum.
- Kennsla í Róttæka sumarháskólanum fer fram í svokölluðum „námsstofum“ sem hver um sig að jafnaði 110 mínútur og undir stjórn eins eða fleiri umsjónarmanna. Sumarið 2012 eru 13 námsstofur í boði. Námsstofum er venjulega skipt upp í fyrirlestur og umræður. Tímasetning hverrar námsstofu er tiltekin neðst í lýsingu hennar.
- Námsstofur eru haldnar í samkomusal ReykjavíkurAkademíunnar, Hringbraut 121 í Vesturbænum í Reykjavík (gamla JL-húsið á horni Hringbrautar og Eiðsgranda/Ánanausta). Húsnæðið er á fjórðu hæð en er aðgengilegt með lyftu.

- Í Róttæka sumarháskólanum 2012 verður bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða til sérstakra pallborðsumræðna sem eru óháðar einstökum námsstofum. Þar munu sitja fyrir svörum umsjónarmenn undangenginna námsstofa, en þar gefst færi á að ræða um snertifleti milli ólíkra umfjöllunarefna og á almennari nótum. Pallborðin verða milli klukkan 21:00 og 22:30 á fimmtudags-, sunnudags- og þriðjudagskvöld (sjá stundaskrá).
- Í hádeginu sunnudaginn 12. ágúst mun Eldhús fólksins bjóða upp á ókeypis mat fyrir umsjónarmenn og þátttakendur í húsakynnum Róttæka sumarháskólans (sjá stundaskrá).

Skráning í námsstofur Róttæka sumarháskólans

Ekki er skilyrði að hafa skráð sig til þess að mæta í námsstofur Róttæka sumarháskólans. Þess er þó óskað að áhugasamir tilkynni um þátttöku sína, einkum til að þeir geti fengið aðgang að námsefni í tæka tíð. Það er hægt að gera í gegnum tölvupóst eða Facebook.

Tölvupóstur: sendið tölvupóstskeyti á netfangið sumarhaskolinn@gmail.com og tilgreinið þá námsstofu eða námsstofur sem þið hafið áhuga á að sitja.

Facebook: Finnið ‘viðburð/event’ viðkomandi námsstofu á Facebook og staðfestið þátttöku með ‘Ég mæti/Attending’ hnappnum. Þátttekendur fá síðan námsefni sent í gegnum þá samskiptaleið sem þeir velja, tölvupóst eða Facebook.

*Vinsamlegast skráið ykkur **annað hvort** í gegnum tölvupóst **eða** Facebook, ekki bæði!*

Námsstofulýsingar

001 INDUSTRIAL WORKERS OF THE WORLD OG ENDURREISN RÓTTÆKRAR VERKALÝÐSBARÁTTU

Umsjón: Helgi Eliasson

Lýsing: Róttæku verkalýðssamtökin *Industrial Workers of the World*, einnig þekkt sem IWW eða Wobblies, voru stofnuð árið 1905 í Bandaríkjunum á tímum þar sem lífshættulegt gat verið að vera í slíkum samtökum. IWW starfa enn í dag og eru alfarið rekin af verkafólkinu sjálfu, þar eru engir forkólfar eða annað launað starfsfólk og öll áherslan er lögð á baráttu félagsmanna sjálfra varðandi þeirra kjör og vinnuaðstöðu. Fordást er að líta á verkalýðsfélagið sem þjónustustofnun líkt og víða þekkist. IWW leggur áherslu á að þeir sem ganga til liðs við félagið sýni samstöðu við baráttumálin og sætti sig ekki við að neinn sé órétti beittur. Félagið leggur áherslu á að nota til ytrasta öll þau vopn sem verkalýðnum eru fær, allt frá kvörtunum til verkfalla og alls þar á milli. Í þessari námsstofu verða samtökin og saga þeirra kynnt, auk þess sem sagt verður frá áformum um stofnun Íslandsdeildar samtakanna. Í því sambandi verður fjallað um þörfina á endurnýjun róttækrar verkalýðsbaráttu og hvernig hugmyndafræði IWW getur þar orðið að liði. Ítarefni sem gott er að kynna sér fyrir fyrirlesturinn má finna á aðalsíðu IWW [<http://www.iww.org/>] og heimasíðu Bretlandsdeildar IWW [<http://www.iww.org.uk>]

Tími: Lau 11. ágúst 15:15-17:00 (auka tími fyrir bíósýningu 17:00-18:45 sama dag)

002 UM SKILYRÐISLAUSA GRUNNFRAMFÆRSLU

Umsjón: Hjalti Hrafn Hafþórsson

Lýsing: Það er almennt stefnt að því í nútíma velferðarsamfélagi að allir eigi fyrir grunnframfærslu sinni. Með því er átt við að allir hafi næga framfærslu til að lifa mannsæmandi lífi. Í flestum tilfellum er framfærslan hinsvegar skilyrt. Menn fá hana greidda sem laun fyrir vinnu eða sem bætur frá ríkinu. Í námsstofunni verður rætt um kosti, galla og möguleika á því að tryggja öllum skilyrðislausu grunnframfærslu, sem er það fyrirkomulag að allir fái greidda fjárupphæð frá ríkinu sem nægi fyrir grunnframfærslu þeirra. Þessi fjárupphæð yrði borguð út á einstaklingsgrundvelli og ekki á nokkurn hátt skilyrt, hver og einn fengi hana greidda óháð vinnu eða öðrum tekjum. Út frá þeirri umræðu koma fram margar áhugaverðar spurningar um tengsl mannsins við vinnu sína og samfélagið, launavinnu, femínisma, ríki, kapítalisma, velferðarsamfélag, auðlindir, og hið góða líf.

Tími: Fim 9. ágúst 19:00-20:45

003 **HÍÐ KYNJAÐA SJÁLF: RÁÐANDI KYNJAHUGMYNDIR OG ÁHRIF PEIRRA**

- Umsjón:** Valdís Björt Guðmundsdóttir, Helga Katrín Tryggvadóttir og Áslaug Einarsdóttir
- Lýsing:** Eru kynjahugmyndir alltaf heftandi/hamlandi eða geta þær verkað valdeflandi fyrir einstaklinga? Hvaða áhrif getum við haft á ráðandi kynjahugmyndir? Í námsstofunni verður stuttlega fjallað um ráðandi kynjahugmyndir í samfélaginu, hvernig þær birtast og hvernig þeim er viðhaldið, meðal annars af ákveðnum stofnunum. Rætt verður um skólakerfið og þá sérstaklega mótun kynjahugmynda á leikskólastigi. Auk þess verður rýnt í þær kynjamyndir sem birtast í samfélagslegri umræðu og móta atvinnulíf, pólitík, listir og fleira. Einnig verða áhrif rýmis á kynjahugmyndir skoðuð. Hugstormað (*brainstorming*) verður um leiðir til að stemma stigu við neikvæðum kynjahugmyndum. Mestum tíma verður þó varið í umræður þar sem skipt verður niður í hópa eftir viðfangsefni og áhersla lögð á raunhæfar femínískar aðgerðir og verkefni innan lista, pólitíkur, atvinnulífs, dómskerfis, menntarkerfis og fleiri stofnanna samfélagsins. Niðurstöður verða ræddar og kynntar í lok málstofunnar og er vonin sú að hér myndist öflugur vettvangur fyrir þátttakendur til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri, miðla af reynslu sinni, og finna grundvöll til samvinnu í átt að jafnara samfélagi.
- Tími:** Sun 12. ágúst 19:00-20:45

004 **GILDISKENNING MARX OG ÍSLENSKUR EFNAHAGUR**

- Umsjón:** Anna Björk Einarsdóttir og Magnús Þór Snæbjörnsson
- Lýsing:** Í námstofunni verður kenning Marx um gildi í kapítalísku framleiðsluferfi útskýrð og gagnrýni á hana lítillega skoðuð. Þá verður reynt að skoða sögu íslensks efnahags út frá kenningunni til þess að athuga hvort hún geti varpað ljósi á efnahagshrunið sem átti sér stað á Íslandi í október 2008. Lesefni fyrir þá sem vilja verður kafli úr *Auðmagninu* á ensku eða „Launavinna og auðmagn“ úr *Úrvalritum* Marx og Engels á íslensku.
- Tími:** Mið 8. ágúst 19:00-20:45

005 **ARGENTÍNSKA EFNAHAGSHRUNIÐ OG HÍÐ NÝJA ARGENTÍNSKA BÍÓ**

- Umsjón:** Anna Björk Einarsdóttir
- Lýsing:** Í námsstofunni verður farið yfir nokkrar skýringar fræðimanna á hruni hins argentínska efnahagskerfis. Leitast verður við að greina þær skýringar sem gefnar voru á hruninu áður en kreppan 2008 skall á. Kostir og gallar þessara skýringa verða útlistaðir. Þá verður fjallað um þá greiningu á argentínskum efnahag sem birtist í verkum Fernando Solanas og sýnd brot úr kvikmyndum hans *La hora de los hornos* (1968) sem og *Memoria del*

saqueo (2004). Að lokum verða stefnur og straumar hins ný-realíska bíós í Argentínu (1998–2012) kynnt. Sérstök áhersla verður lögð á birtingarmyndir hins argentínska efnahags í þessum kvikmyndum, einkum myndum sem gerðar voru fyrir hrunið 2001. Að lokum verður kvikmynd Martín Rejtman, *Los guantes mágicos* (2003) sýnd í fullri lengd.

Tími: Mán 13. ágúst 19:00-20:45 (auka tími fyrir bíósýningu 21:00-22:45 sama kvöld)

006 NÁTTÚRUVERND OG BORGARALEG ÓHLÝÐNI

Umsjón: Helena Stefánsdóttir

Lýsing: Í þessari námsstofu verður fjallað um hvernig hagsmunir fárra stjórna arðráni á náttúruauðlindum og þá taktík sem notuð er til að halda fólki niðri í þágu ofurgróða fyrir fáa. Einnig verður fjallað um mikilvægi þess að virkja gagnrýna og skapandi hugsun og setja spurningamerki við áróðursmaskínu peningavaldsins. Framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar verður tekin sem dæmi í því samhengi. Hugtakið borgaraleg óhlýðni (*civil disobedience*) verður tekið til umfjöllunar í tengslum við stutta sögu umhverfisbaráttunnar á Íslandi og merking og tilurð orðanna „mótmæli“ og „mótmælandi“ verður kryfjuð lítillega. Sýnd verða stutt brot úr heimildamyndinni *Baráttan um landið*.

Tími: Fim 9. ágúst 17:00-18:45

007 FEMÍNISMI, AKTÍVISMI OG INTERNETIÐ

Umsjón: Hildur Lilliendahl Viggósdóttir

Lýsing: Facebook, bloggsíður og athugasemdakerfi netmiðla hafa orðið áberandi vettvangur fyrir hörð skoðanaskipti og hvers kyns yfirlýsingar um þjóðmál og þekkt einstaklinga. Þar hefur jafnréttisbarátta kvenna ekki verið undantekning, og virðist raunar fátt kveikja heitari umræður í netheiminum en femínismi. Mikla athygli vakti þegar Hildur Lilliendahl Viggósdóttir safnaði saman niðrandi ummælum karlmanna um konur af netinu og birti í myndaalbúminu „Karlar sem hata konur“ á Facebook-síðu sinni. Í þessari námsstofu segir Hildur frá aðdraganda þess að hún birti myndaalbúmið. Þá verða afleiðingar gjörningsins og viðbrögð við honum skoðuð, og þeim spurningum velt upp hverju aðgerðir af þessu tagi geta skilað fyrir femíníska baráttu, hver markmiðin eru og hvaða leiðir að þeim eru heppilegastar. Góður tími verður gefinn fyrir umræður og skoðanaskipti. Myndaalbúmið má finna á www.karlarsemhatakonur.tumblr.com

Tími: Sun 12. ágúst 13:15-15:00

008 RÓTTÆK KENNSLUFRÆÐI II

Umsjón: Ingólfur Gíslason

Lýsing: Þessi námsstofa tekur upp þráðinn frá námsstofu um menntamál sem haldin var í Róttæka sumarháskólanum síðasta sumar með afar góðri þátttöku. Reynt verður að fara dýpra í kenningar sem einungis var minnst á þá. Við munum einkum skoða og greina togstreitur sem herja á skólakerfi, kennara og nemendur. Nokkrar spurningar sem fengist verður við eru: Hvernig fara þessi hlutverk skólakerfisins saman: (a) Að stuðla að vitund um sameiginlega sögu, menningu og vitund og hagnýtri þekkingu allra, (b) að stuðla að því að hæfileikar hvers og eins fái að þroskast og njóta sín og (c) að nemendur veljist til ólíkra brauta og starfa út frá þeim árangri sem þeir ná á prófum? Hvernig getur kennari unnið bæði að því að nemendur njóti sín á sínum forsendum og því að undirbúa þá fyrir samkeppni um takmarkaðan fjölda sæta á æðri skólastigum eða á vinnumarkaði? Er hægt að kenna til félagslegrar meðvitundar og gagnrýni? Allir ættu að geta tekið þátt og haft gagn af námsstofunni, hvort sem þeir voru á námsstofunni í fyrra eða ekki.

Tími: Mán 13. ágúst 17:00-18:45

009 BYLTINGIN GERIR SIG EKKI SJÁLF: UM GILDI VÍSIVITAÐS BYLTINGARSTARFS

Umsjón: Vésteinn Valgarðsson

Lýsing: Þessi námsstofa skiptist í framsögu og umræður um nauðsyn þess að koma á fót íslenskri byltingarhreyfingu. Rætt verður um skilyrðin fyrir því að bylting gegn kapitalismanum heppnist: Dugar sjálfsprottin hreyfing eða þarf skipulag? Duga sjálfsprottin stefnumál eða þarf pólitíska stefnuskrá? Duga umbætur eða þarf gagngera byltingu? Og hvað kemur í staðinn fyrir kapitalismann þegar okkur tekst að fella hann? Vísad verður í ritin *Byltingu eða umbætur?* eftir Rósu Luxemburg og *Hvað ber að gera?* eftir Lenín.

Texti Leníns: <http://marxists.org/archive/lenin/works/1901/witbd/index.htm>

Texti Luxemburg: <http://www.marxists.org/islenska/luxemburg/1899/reform-revolution/index.htm>

Tími: Sun 12. ágúst 15:15-17:00

010 THE WIRE OG MARXÍSK SAMFÉLAGSHUGSUN

Umsjón: Viðar Þorsteinsson

Lýsing: Sjónvarpsþættirnir *The Wire* hafa vakið athygli fyrir þá raunsæju en kaldranalegu mynd sem þar er dregin er upp af félagslegum vandamálum í stórborgum samtímans. Í þessum fyrirlestri verður rýnt í þættina og söguvið þeirra út frá marxískum kenningum um efnahag, hugmyndafræði og samfélagsátök. Sérstaklega verður spáð í hversu vel (eða

illa) þáttunum tekst að draga upp ‘samfélagslega heildarmynd’ og hvaða hlutverk ólíkar tegundir valds leika í þeirri heildarmynd. Mælt er með að þátttakendur hafi horft á allar fimm seríur *The Wire* þáttanna. Gefin verður góður tími fyrir umræður og skoðanaskipti.

Tími: Þri 14. ágúst 17:00-18:45

011 ÁSKORANIR ANDÓFSHREYFINGA

Umsjón: Egill Arnarson

Lýsing: Það er kunnara en frá þurfi að segja að oft er tilvera andófshreyfinga hvorki löng né sérlega lygn. Ef þær eru ekki andvana fæddar getur kostað átök að halda starfi þeirra gangandi þegar þeim mætir mikil tregða og andstaða. Engu að síður reynist snemmbær sigur slíkum hreyfingum jafnan dýrkeyptur og „hugmyndafræðilegur klofningur“ um stefnu og aðferðir á það til að ganga af þeim dauðum. Í verki sínu *Gagnrýni díalektískrar skynsemi* (1960) greinir franskur heimspekingurinn Jean-Paul Sartre þróunina í lífi andófshreyfinga, frá því óvirkir einstaklingar renna saman í hóp með ákveðin baráttumál uns hópurinn tekur að setja mark sitt á umhverfið. Einkum skoðar Sartre, með „díalektískri“ aðferð sinni, hvernig innra skipulag hreyfinganna breytist í andstreymi, þær stofnanavæðast og taka að skilgreina innri óvini ekki síður en ytri mótstöðuöfl. Ætlunin í þessari námsstofu er að skoða hvort þessa lýsingu Sartre og hugsanlega fleiri höfundu og kanna hvort hún komi heim og saman við reynsluna af starfi andófshreyfinga.

Tími: Þri 14. ágúst 19:00-20:45

012 RÓTTÆK SAMVINNUHREYFING? NEYTENDASAMVINNA SEM LEIÐ AÐ BYLTINGU

Umsjón: Magnús Sveinn Helgason

Lýsing: Róttækur andkapítalismi er líklega ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar samvinnuhreyfingin er nefnd á nafn, en í upphafi 20. aldar var evrópska neytendasamvinnuhreyfingin víða stærri en verkalýðsfélög og stjórnmalahreyfingar verkamanna og var þannig einn helsti vettvangur pólitískrar skipulagningar verkalýðsins. Hugmyndasmiðir hreyfingarinnar settu fram róttækar hugmyndir um samfélagslegar breytingar og sköpun útópísku „samvinnuríkis“. Sökum þess að neytendasamvinnufélög tóku víða upp form hinnar kapítalísku samkeppni á millistríðsárunum hafa verkalýðssögufraeðingar og róttækir sagnfræðingar oft gefið samvinnuhreyfingunni neikvæð eftirmæli. Á síðustu árum hafa fræðimenn hins vegar tekið að skoða hana í öðru ljósi, t.d. sem hluta af menningarlegri byltingu verkalýðsins, frekar en kapítalískri neyslubyltingu sem kæfði róttæka verkalýðsbaráttu. Neytendasamvinnuhreyfingin hafi verið tilraun til þess að skapa verkalýðsmenningu innan hins kapítalíska samfélags og

leggja að velli kapítalíska auðhringa sem arðrænda almenning með of háu vöruverði og lélegum vörum. Í þessari námsstofu verður fjallað um neytendasamvinnu sem eina af mögulegum tegundum andkapítalísks andófs, og vísað til róttækrar sögu samvinnuhreyfingarinnar í Evrópu og víðar. Fjallað verður um hugmyndafræði neytendasamvinnunnar og þróun hennar og hvernig neytendasamvinnufélög brugðust við kapítalískri þróun á fyrri hluta 20. aldar og hvaða lærdóma við getum dregið af reynslu evrópskra neytendasamvinnufélaga.

Tími: Mið 8. ágúst 17:00-18:45

013 ~~PÓRA~~ ~~HVAÐ GERÐIST?~~ [AFLÝST]

Umsjón: Ásmundur Ásmundsson

Lýsing: Forsetakosningarnar 2012 verða lengi í minnum hafðar af því að þær voru spennandi. Margir róttæklingar fundu ásættanlegan kandídat til að kjósa, þ.e.a.s. kandídat sem virtist eiga raunhæfan möguleika að koma sitjandi forseta frá. Ungt fólk sem alla jafna syndir á móti straumnum og gengur hart fram gegn gildandi kerfi og viðmiðum sameinaðist Ingu Lind, Sjón, Bergi Ebba og Láru Björg í þeirri óvenjulegu draumsýn að koma Þóru Arnórsdóttur og mannum hennar Svavari Halldórssyni á Bessastaði. Hvaða sameiningarafl var það sem fékk þverskurð þjóðarinnar til að veðja á unga konu, þungaða af framtíðinni sem sinn kandídat? Hvers vegna misheppnaðist framboðið svona gjörsamlega þrátt fyrir frábæra markaðssetningu og velvild fjölmiðla?

Tími: Mið 8. ágúst 21:00-22:45

014 AF MARXISMA – NÁMSSTOFA Í TILFNI ÚTGÁFU RAFBÓKAR

Þessi námsstofa er helguð umræðum um efni bókarinnar *Af Marxism* sem út kom árið 2009, en hún inniheldur þýðingar og frumsamdar greinar sem snerta á marxískri samfélagshugsun og menningargagnrýni síðustu áratuga. Tílefnið er rafræn útgáfa bókarinnar í júlí 2012. Hægt er að hlaða niður bókinni í heild eða einstökum greinum gjaldfrjálst á heimasíðu Róttæka sumarháskólans. Námsstofan samanstendur af tveimur pallborðum þar sem höfundar og þýðendur efnis í bókinni ræða um framlag sitt, skiptast á skoðunum og taka við fyrirspurnum úr sal. Eindregið er hvatt til að þátttakendur hafi lesið viðkomandi greinar og leggi orð í belg.

Pallborð A: Hugmyndafræði, sjálfsvera og marxísk menningargreining

Lýsing: Í þessu fyrri pallborði námsstofunnar mun **Egill Arnarson** segja stuttlega frá hugmyndum Louis Althusser um „hugmyndafræðileg stjórntæki ríksins“ og einnig ræða hinar áhrifamiklu kenningar Alains Badiou. **Magnús Þór Snæbjörnsson** segir frá kenningu Fredrics Jameson um póstmódernisma og síðkapítalíska menningu. **Anna Björk**

Einarsdóttir gagnrýnir póstmóderníska höfundarvirkni með vísun í skáldsögur Sjóns, tónlist Bjarkar og nýleg skrif fræðimanna.

- Lesefni:*
- Alain Badiou: „Löngun heimspekinnar“
 - Louis Althusser: „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnæki ríkisins“
 - Fredric Jameson: „Póstmódernismi eða menningarleg rökvísi síðkapítalismans“
 - Anna Björk Einarsdóttir: „Her af mér eða póstmódernísk höfundarvirkni“

Tími: Lau 11. ágúst 11:00-12:30

Pallborð B: Tími, saga og bylting

Lýsing: Í þessu seinna pallborði námsstofunnar mun **Björn Þorsteinsson** segja frá hugmyndum þýska hugsuðarins Walters Benjamin um ‘messíaníska’ tíma byltingarinnar, **Ottó Másson** ræðir um þróun marxískrar söguskoðunar í ólgusjó tuttugustu aldarinnar, og **Viðar Þorsteinsson** fjallar um áhrif franskra heimspeki á ítalskan átónómisma, sér í lagi kenningar Antonios Negri.

- Lesefni:*
- Björn Þorsteinsson: „Framtíð frelsunarinnar. Vandinn að erfa hið messíaníska loforð“
 - Ottó Másson: „Marx og sagan“
 - Viðar Þorsteinsson: „Speglasalur vinnunnar. Af Deleuze og ítölskum marxisma“
 - Antonio Negri: „Kommúnismi. Fáeinir hugleiðingar um hugtakið og notkun þess“

Tími: Sun 12. ágúst 11:00-12:30

Um umsjónarmenn námsstofa

Anna Björk Einarsdóttir og **Magnús Þór Snæbjörnsson** stunda framhaldsnám í bókmenntafræði í Kaliforníu.

Áslaug Einarsdóttir er heimildamyndagerðakona og framkvæmdastýra *Stelpur rokka!* Hún vinnur um þessar mundir að MA- ritgerð í mannfræði um femíníska listsköpun.

Ásmundur Ásmundsson er myndlistarmaður. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga, gefið út verk sín á prenti og haldið fyrirlestra við lista- og menningarstofnanir innan lands og utan. Hann hefur kennt við Listaháskóla Íslands og víðar.

Björn Þorsteinsson hefur kennt á háskólastigi og sinnir nú rannsóknum við Heimspekistofnun Háskóla Íslands. Hann er stjórnarmaður í Lýðræðisfélaginu Öldu.

Egill Arnarson er M.A. í heimspeki, sagnfræði og latínu frá háskólanum í Kiel. Hann hefur fengist við þýðingar á sviði hugvísinda og ýmis greinaskrif og fjallað um andóf og list og tengslin milli þeirra.

Helena Stefánsdóttir lærði dans og leiklist, hefur starfað sem kvikmyndaleikstjóri undanfarin 12 ár og lauk nýverið mastersnámi í Media Art. Helena hefur verið virk í umhverfisbaráttunni á Íslandi í mörg ár og lauk nýverið við gerð heimildamyndar um virkjanamál.

Helga Katrín Tryggvadóttir lauk nýlega MA-námi í þróunarfræðum þar sem umfjöllunarefnið var orðræða þróunar og andóf gegn henni. Helga er ein af aðstandendum Rósta.

Helgi Elíasson (helgipunk) er gamall og úrillur maður eftir áratuga verkamannavinnu sem skilur ekkert eftir sig í hans lífi. Hann ætlar ekki að horfa upp á næstu kynslóð verkafólks fara sömu leið án þess að gera það sem hann getur til að bæta það sem hann getur bætt.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir er róttækur femínisti og friðarsinni sem hefur lært íslensku og kynjafræði í háskóla auk annars. Hún vinnur fyrir Reykjavíkurborg, situr í miðnefnd Samtaka hernaðarandstæðinga, hefur gefið út eina ljóðabók og haldið úti femínískum blogg- og pistlaskrifum um árabíl.

Hjalti Hrafn Hafþórsson er með B.A. próf í heimspeki og situr í stjórn *Öldu – félags um sjálfbærni og lýðræði*.

Ingólfur Gíslason hefur kennt stærðfræði á menntaskóla- og háskólastigi og stundar nú doktorsnám við Háskóla Íslands. Hann hefur skrifað um samfélags- og menningarmál í ýmsa miðla og gefið út þrjár ljóðabækur.

Magnús Sveinn Helgason er sagnfræðingur. Hann var starfsmaður Rannsóknarnefndar Alþingis og er höfundur fimmta viðauka við skýrslu nefndarinnar. Hann hefur á undanförunum árum unnið að rannsóknum á sænsku neytendasamvinnuhreyfinguinni.

Ottó Másson er heimspekimenntaður. Hann er búðarstarfsmaður í Reykjavík og stundar ritstörf á köflum með fram því.

Vésteinn Valgarðsson er varaformaður Rauðs vettvangs, vinnur á Kleppi og er sagnfræðingur að mennt. Hann hefur verið virkur í mörgum pólitískum hreyfingum á Íslandi og ritstýrir vefritinu Eggin.is.

Viðar Þorsteinsson stundar doktorsnám í hugvísindum og hefur verið virkur í ýmsu pólitísku félagsstarfi. Hann er stofnandi Róttæka sumarháskólans.

Valdís Björt Guðmundsdóttir vinnur að MA-ritgerð um trúarlega sjálfsmynd og trúariðkun múslimakvenna á Íslandi. Valdís hefur rannsakað íslamskan femínisma í Íran og ferðast allvíða í Mið-Austurlöndum.

	mið. 8. ágúst	fim. 9. ágúst	fös. 10. ágúst	lau. 11. ágúst	sun. 12. ágúst	mán. 13. ágúst	þri 14. ágúst
11:00-12:30				014a Af marxisma - Egill Arnarson, Magnús Þór Snæbjörnsson og Anna Björk Einarasdóttir	014b Af marxisma - Björn Þorsteinsson, Ottó Mátsson og Viðar Þorsteinsson		
12:30-13:15					Eldhús fólksins		
13:15-15:00					007 Femínismi, aktív-ismi og internetið - Hildur Lilliendahl Viggósdóttir		
15:15-17:00				001 IWW og endur-reisn verkalýðs-baráttu - Helgi Eliasson	009 Bylingin gerir sig ekki sjálf - Vésteinn Valgarðsson		
17:00-18:45	012 Róttæk sam-vinnuhreyfing? - Magnús Sveinn Helgason	006 Náttúruvernd og borgaraleg óhlyðni - Helena Stefánsdóttir		(Auka tími fyrir bió-sýningu v. „IWW og endurreisn verkalýðs-baráttu“)		008 Róttæk kennslu-fræði II - Ingólfur Gíslason	010 The Wire og marxismi - Viðar Þorsteinsson
19:00-20:45	004 Marx og íslenskur efnahagur - Anna Björk Einarasdóttir og Magnús Þór Snæbjörnsson	002 Um skilyrðislausu grunnframfærslu - Hjalti Hrafn Hafþórsson			003 Hið kynjaða sjálf - Áslaug Einarssd., Helga K. Tryggvad., Valdís Björt Guðmundsd.	005 Argentínska efnahagshrunið - Anna Björk Einarasdóttir	011 Sartre og róttækar hreyfingar - Egill Arnarson
21:00-22:45	013 Þóra—Hvæð gerðist? [AFLYST] - Ásmundur Ásmundsson	Pallborð - Umsjónarmenn undan-genginna námsstofa			Pallborð - Umsjónarmenn undan-genginna námsstofa	(Auka tími fyrir bió-sýningu v. „Argentínska efnahagshrunið“)	Pallborð - Umsjónarmenn undan-genginna námsstofa